

Þann 4. maí 2004 var haldinn aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands í húsi SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Dagskrá:

Stjórnarformaður Einar Njálsson setti fund kl. 10:00. Að tillögu hans var Gunnari Þorgeirsson skipaður fundarstjóri og Guðmundur Stefánsson fundarritari. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar.

- a) Einar Njálsson, stjórnarformaður skýrði frá niðurstöðu skýrslu um útvíkkun á starfsemi fyrirtækisins. Niðurstaða hennar er sú að ekki sé unnt að skapa nægilega öflugt fyrirtæki til að bera sjálfstæða yfirstjórn. Hann skýrði frá ágreiningi um deiliskipulag urðunarsvæðisins í Kirkjuferjuháleigu, en Skipulagsstofnun leggur til að nýtt deiliskipulag verði gert. Þá skýrði hann frá gjaldþroti Kjötmjöls ehf. og að Sorpstöðin hafi afskrifað hlutafé sitt í henni. Ennfremur voru settar reglur um hitameðferð sláturúrgangs fyrir urðun. Hann skýrði frá nýjum hugmyndum um úrgangsstjórnun og kynnisferðum í tengslum við þær, einnig samstarfssamning við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og undirbúning nýrrar urðunarreinar.
- b) Þorvarður Hjaltason skýrði frá umfangi fyrirtækisins í mannafla, fjárhag og efnismagni. Innvegið magn sorps árið 2003 var 16.687 tonn, sem er 3% aukning frá fyrra ári.
- c) Guðmundur Tryggvi Ólafsson fór yfir flokkunarverkefni á vegum sveitarfélaga og fyrirtækja. Fór hann yfir hina ýmsu flokka sorps og gerði skil magni og nýjungum. Þá skýrði hann frá ferð sinni til Maastricht til að afla upplýsinga um reglugerð 1774/2002 og meðhöndlun sláturúrgangs.
- d) Hjörleifur Brynjólfsson spurði um hugsanlega aðkomu Sorpstöðvar að rekstri Kjötmjöls. Einar Njálsson svaraði því að KB banki hefði óskað eftir viðræðum en þær eru ekki hafnar. Guðmundur Stefánsson spurði um úrvinnslugjald á rúllubaggaplasti. Guðmundur Tryggvi Ólafsson svaraði því að verið væri að móta reglur um söfnun plasticsins.
- 2. Ársreikningur 2003.**
Þorvarður Hjaltason skýrði reikningana.

Rekstrartekjur voru	57 milljónir
Rekstrargjöld voru	50 milljónir
Vaxtagjöld nettó	813 þús.
Hagnaðaður af reglulegri starfsemi	6,3 millj.

Afskrifað hlutafél	33,4 millj. og
tap ársins	27,1 millj.
Eigið fé er	87,7 millj.
Skuldir alls	17,0 millj. og
skuldir og eigið fé	104,8 millj.

Hjörleifur Brynjólfsson spurðist fyrir um hvort í viðskiptakröfum í ársreikningi væri viðskiptakröfur á Kjötmjöl ehf. Þorvarður svaraði því að það væri óverulegt.

Gunnar Þorgeirsson spurðist fyrir um tekjur af sláturúrgangi sem Guðmundur Tr. Ólafsson og Þorvarður svöruðu.

Hjörleifur Brynjólfsson minnti á afstöðu sveitarfélagsins Ölfuss og Grímsnes- og Grafningshrepps þegar þau lögðust gegn hlutafjárukningu Sorpstöðvarinnar í Kjötmjöli ehf., sem nú hefur komið í ljós að var rétt mat.

3. **Gjaldskrá 2004.**

Fyrirliggjandi samþykkt stjórnar var samþykkt af fundinum, sjá fundargerð 110. stjórnarfundar 15. janúar sl.

4. **Fjárhagsáætlun 2004.**

Rekstrartekjur áætlaðar	64,2 millj.
Rekstrargjöld áætluð	60,0 millj.

Áætlunin samþykkt samhljóða.

5. **Kosningar.**

Tillaga kom fram um eftirtalda sem aðalmenn í stjórn:

Einar Njálsson, Árborg
 Ágúst Ingi Ólafsson, Sorpstöð Rangæinga
 Orri Hlöðversson, Hveragerðisbæ

og sem varamenn:

Ingunn Guðmundsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
 Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sorpstöð Rangæinga
 Guðmundur Stefánsson, Hraungerðishreppi

Tillagan samþykkt samhljóða.

Skoðunarmenn kjörnir skv. tillögu:

Bjarki Reynisson, Villingaholtshreppi
 Ragnar Sær Ragnarsson, Bláskógabyggð

6. **Önnur mál.**

Hjörleifur Brynjólfsson gerði grein fyrir ágreiningi Sorpstöðvarinnar og Sveitarfélagsins Ölfuss um skipulag urðunarsvæðisins í Kirkjuferjuháleigu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Guðmundur Stefánsson,
fundarritari

Gunnar Þorgeirsson,
fundarstjóri